

Tillaga 6 - Árborg barnvænt sveitarfélag

Ungmennaráð Árborgar leggur til að Sveitarfélagið Árborg verði barnvænt sveitarfélag.

Barnvæn sveitarfélög er verkefni hjá Unicef sem styður sveitarfélög við að innleiða lög um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi.

Það myndi hafa jákvæð áhrif á samfélagið og við teljum að barnvænt sveitarfélag gæti stuðlað að því að börn geti tekið virkan þátt í samfélaginu og starfsemi innan sveitarfélagsins. Verkefnið leggur mikla áherslu á að ungmenni sveitarfélagsins fái að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og samfélag sem styrkir lýðræðisvitund og þátttöku ungs fólks. Samstarf við UNICEF sýnir að sveitarfélagið tekur ábyrgð á stöðu barna og vill vera í fararbroddi í málefnum barna og mannréttinda sem styrkir og bætir jákvæða ímynd sveitarfélagsins út á við. Samstarf við UNICEF þýðir einnig að þau styðja við stefnumótun og aðgerðir sem byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sveitarfélagið fær þannig töl og stuðning til að skapa öruggara, sanngjarna og barnvænna samfélag. UNICEF á Íslandi veitir fræðslu, ráðgjöf og verkfæri til að hjálpa sveitarfélögum að ná markmiðum sínum, bæði starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Barnvænt sveitarfélag hjálpar sveitarfélaginu að greina veikleika og styrkleika í þjónustu við börn og leiðir til markvissara ákvarðanataka og betri nýtingar á fjármagni. Þegar sveitarfélög leggja áherslu á börn og ungmenni eykur á lífsgæði, félagslega samheldni og dregur úr félagslegum vandamálum til lengra tíma.

Við í Ungmennaráðinu hvetjum bæjarstjórn eindregið til að samþykkja þessa tillögu og gera Árborg að fyrirmynd og leiðandi sveitarfélagi sem sýnir í verki framtakssemi, framsýni og metnað til jákvæðra breytinga.